



Mýrdalshreppur-V-Skaftafellssýslu
Gísli Gíslason
Austurvegi 17
870 Vík

Gunnarsholti, 07.07.2009
Tilv. 443
GS

Efni: Umsögn um tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi Mýrdalshrepps, dags. 10. júní 2009, þar sem óskað er umsagnar Landgræðslunnar um tillögu að aðalskipulagi hreppsins 2009-2025. Umsögn Landgræðslunnar miðast fyrst og fremst við að lögum um landgræðslu nr. 17/1965 sé fylgt, en þau taka m.a. til verndunar gróðurs og jarðvegs, græðslu eyddra og vangróinna landa og sjálfbærrar landnýtingar.

Landgræðslan fer ennfremur með framkvæmd laga um varnir gegn landbroti nr. 91/2002.

Að mati Landgræðslunnar er í fyrirliggjandi skipulagstillögum fjallað að hluta til um þau ákvæði laganna sem nefnd eru hér að ofan. Það má lengi bæta þá umfjöllun og er hér eftir bent á nokkur atriði:

Ekki hefur verið leitað samráðs við Landgræðslu ríkisins á síðustu árum við gerð tillögu um aðalskipulag um þá fjölmörgu þætti í sveitarfélaginu er varða starfsemi stofnunarinnar og lögbundið hlutverk hennar. Fyrstu verkefni Landgræðslunnar í sveitarfélaginu hófust 1913 og varnaraðgerðir til að verja byggðina í Vík hófust 1933. Æ síðan hefur Landgræðslan staðið fyrir mörgum framkvæmdum í sveitarfélaginu og gerir enn. Í tillögunni er mikið fjallað um sögu svæðisins og byggðarinnar, en lítil sem engin umfjöllun er um sögu baráttunnar við sandinn þó færa megi sterk rök fyrir því að lítil sem engin byggð væri í Vík ef að starfsemi opinberrar stofnunar á borð við Landgræðsluna og einstakra eiginleika melgresisins hefði ekki notið við. Á fyrri hluta síðustu aldar varð iðulega að flytja burt mikið sandmagn af götum og húsagörðum á vorin. Hætta á sandfoki inn í byggðina er enn mjög mikil og fer reyndar vaxandi eftir því sem fjaran færist nær byggðinni og sjórinn eyðir öllum varnaraðgerðum Landgræðslunnar. Í tillögu að aðalskipulagi hlýtur því að verða að fjalla um sandfoksvarnir og Landgræðslan leggur því til að í tillöguna verði settur eftirfarandi texti, t.d. sem liður 3 undir stuðningsmarkmið á bls. 17: „**Gerð verði áætlun um heftingu sandfoks í Vík og tryggt eftir því sem hægt er að sandfok valdi hvorki íbúum óþægindum, né tjóni á mannvirkjum**“. Landgræðslan mun fúslega aðstoða við gerð slíkrar áætlunar verði þess óskað.

Í kafla 2.3.1 á bls. 18 um landbúnað og ræktun kemur fram að landnýting skuli jafnan vera sjálfbær og vera í samræmi við landkosti á hverju svæði. Þá kemur einnig fram í sama kafla að reglur verði settar um lausagöngu búfjár og beitarstýring verði tekin upp þar sem hennar er

þörf. Landgræðslan telur þó að gerð landnýtingaráætlana á bújörðum myndi styrkja sjálfbæra nýtingu lands í framtíðinni og leggur því til að settur verði í tillöguna svohljóðandi texti, t.d. undir starfsmarkmið í kafla 2.3.1: **"Gerðar verði landnýtingaráætlanir á öllum bújörðum til að tryggja sjálfbæra nýtingu lands og hámarka nýtingu landkosta"**.

Í kafla 4.1 er í fyrstu málsgrein austasta hluta hreppsins lýst sem eyðisandi, sem engan veginn fær staðist í dag. Mörg hundruð hektarar hafa verið að græddir upp í samstarfi Landgræðslunnar og Vegagerðarinnar. Brýnt er að fjalla um í tillögunni um aðalskipulag hvernig vinna eigi að viðhaldi þeirra sáninga og tryggja sjálfbærni þeirra. Það er frumskilyrði þess að tryggja megi áfram að sandfok skaði ekki ökutæki og trufla umferð um Mýrdalssand.

Í tillögunni er kaflinn um jarðvegsgerðir og gróður fremur rýr og hefði að ósekju mátt við tillögugerðina nýta upplýsingar úr ritinu „Jarðvegsrof á Íslandi“. Á bls. 36 segir að uppblásturshætta sé allmikil í hreppnum og að jarðvegsrof sé víða í bröttum hlíðum dala og draga. Hið rétta er að rofsvæði í hreppnum eru alls ekki bundin við brattar hlíðar dala og draga, heldur eru rofabarðasvæði og jarðvegrof víða á heiðum, en einnig á láglandi. Í áðurnefndu riti um jarðvegsrof á Íslandi kemur m.a. fram að nær allt hálendi sveitarfélagsins fær rofeinkun 3 (á skala 0-5) og að á láglandi séu svæði þar sem lítið rof á sér stað, tæplega helmingur hreppsins utan Mýrdalssands sem nær allur fær rofeinkunirnar 4-5. Í Mýrdalshreppi eru gríðarleg verkefni sem enn bíða úrlausnar, en í tillögunni er ekki tekið beint á uppgræðslu lands sem orðið hefur fyrir skemmdum af einhverjum ástæðum. Landgræðslan leggur til að í tillöguna komi eftirfarandi setning, t.d. sem töluliður 4 undir starfsmarkmiðum á bls. 18, en núverandi töluliður 4 yrði þá töluliður 5 o.s.frv: **"Stefnt verði að uppgræðslu lands á þeim svæðum þar sem jarðvegsrof er til staðar, einkum ef það ógnar grónu landi og hugað verði að áframhaldandi uppgræðslu lítt og ógróins lands, m.a. til að fyrirbyggja mögulegt rof, auka frjósemi og viðnám jarðvegs og bæta vatnsmiðlun lands."**

Landgræðslan fer með framkvæmd laga um varnir gegn landbroti nr. 91/2002. Í umfjöllun um landbrot af völdum Klifanda og Hafursár á bls. 45 eru gamlar upplýsingar frá árinu 1998 sem sumar eiga ekki við lengur, t.d. um landbrot neðan brúa á Klifanda, en þær eru tvær. Verði eftir því óskað mun Landgræðslan fúslega láta í té nýjar upplýsingar um það landbrot sem þarna er og þær aðgerðir sem þarna hafa farið fram og fyrirhugaðar eru. Þá hefur Landgræðslan langa reynslu af því að óvarleg efnistaka úr ám og vörnum hefur leitt til landbrots og tjóns á landi, ræktun og mannvirkjum. Þetta er þó ekki algilt og stundum má laga rennsli fallvatna sem eru með miklum framburði með skynsamlegri efnistöku, án þess að skaða lífríki árinna og án þess að nokkurt annað tjón hljóti af efnistöku. Fyllsta ástæða er þó til að fylgjast vel með slíkri starfsemi og leggur Landgræðslan eindregið til að öll efnistaka, einkanlega efnistaka úr ám og vörnum verði gerð leyfis skyld.


Í kafla 5.6.3. er í umfjöllun um landbúnað getið að nokkru um landgræðslustarf í sveitarfélaginu. Þegar tekið er tillit til þess hversu umfangsmikið þetta starf hefur verið og hve mikilvægt það hefur verið bæði íbúum sveitarfélagsins og öllum öðrum sem um það hafa átt og eiga leið, verður að segja að landgræðslustarfi í Mýrdalshreppi er ekki gert hátt undir höfði. Í ljósi þess hve mikil umfjöllun er annars um sögu sveitarfélagsins, hefði verið ástæða til að geta þess að fyrir atbeina Landgræðslunnar og einstaks dugnaðar Einars Þorsteinssonar ráðunautar Búnaðarsambands Suðurlands og nokkurra bænda hefur meira verið grætt upp af rofabörðum í Mýrdalshreppi en í nokkru öðru sveitarfélagi landsins. Hvergi er getið um afar umfangsmikið uppgræðslustarf bænda á Sólheimasandi, Ystheiði né á Hafursáráurum, en öll


Þessi stóru verkefni voru unnin með tilstyrk Landgræðslunnar og leiddu til byltingar í búskaparháttum í hreppnum. Ekki er einu orðið vikið að verkefninu „Bændur græða landið“, en nú eru 26 bændur í Mýrdalshreppi þátttakendur í því umfangsmikla landgræðsluverkefni. Þá hefði verið við hæfi í umfjöllun um kríuvarpið austan við Vík, eitt það stærsta í Evrópu, að geta þess að það byggir tilveru sína alfarið á uppgræðslu Landgræðslunnar á landi sem var áður svartur sandur. Á bls. 39 er fjallað um hverjar gætu orðið alvarlegustu afleiðingar jökulhlaupa undan Mýrdalsjökli. Ekki er þar minnst á uppgræðslusvæðin sem myndu eyðast, t.d. á Mýrdalssandi, en umferð um sandinn er gríðarlega háð uppgræðslunni. Meira en 75 ára starfi Landgræðslunnar við sandfoksvarnir í Vík, á Mýrdalssandi og víðar í sveitarfélaginu er list sem „sáningu melgresis í fjörur“. Einnig hafa Landgræðslan og Vegagerðin varið varið tugmilljónum króna til að hefta sandfok, aðallega með sáningu melgresis við Þjóðveg 1 á þeim hluta Mýrdalssands sem tilheyrir hreppnum. Þeim miklu framkvæmdum á sl. aldarfjórðungi er lýst sem lúpinuræktun sem hafist hafði fyrir 1990 og að góð skilyrði séu til slíkrar ræktunar! Í þessari umfjöllun um landgræðslu kemur þó réttilega fram að Mýrdalshreppur hefur lagt þessu málefni fjárhagslegan stuðning á liðnum árum. Í lok kaflans um landbúnað er lítillega fjallað um starfsemi Landgræðslu ríkisins í sveitarfélaginu. Þar er fullyrt að sex svæði séu undir umsjón stofnunarinnar. Hið rétta er að svæðin í töflunni hafa á einhverju tímabili verið í umsjón Landgræðslunnar, en flest þeirra eru það ekki lengur. Í töflunni er einnig í 6. lið ofaukið orðinu eystri, reyndar í sviga, því eystri hluti Mýrdalsands er í Skaftárhreppi.

Undirritaðir vilja árétta að landbrot af völdum sjávar við Vík og sívaxandi hætta af sandfoki sem því fylgir er að okkar mati stærsta og þýðingarmesta verkefnið sem sveitarstjórn Mýrdalshrepps og íbúar verða að takast á við nú þegar.

Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir við þá tillögu sem hér liggur fyrir, en Landgræðslan mun fúslega veita aðstoð og upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er varða stefnumörkun um gróður- og jarðvegsvernd og sjálfbæra nýtingu lands ásamt upplýsingum um landbrot af völdum fallvatna, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins,


Guðmundur Stefánsson,
sviðsstjóri landverndarsviðs.


Sveinn Runólfsson,
landgræðslustjóri.